

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmet.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Jón Jónsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga. Um málskostnað á hjerðsdómurinn óraskaður að standa. Hinn ákærði greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Franz Siemens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 48/1884

Rjettvísinn

gegn

Jens Peder Jörgensen.

Dómur:

Í máli þessu, sem dæmt er í aukarjetti Norður-Múlasýslu 18. ágúst f. á., og sem áfrýjað er bæði að ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera, er hinn ákærði Jens Peder Jörgensen, matreiðslumaður á skipinu „Telegraph“, eign Sigurðar verzlunarstjóra Jónssonar á Seyðisfirði, sakaður um að hafa tvívegis borað göt á nefnt skip. Í annað skiptið voru götin, að því komið er fram, stungin á skipið með glóandi jární (kúbeini), en í hitt skiptið boruð með nafri. Það, sem vakið hefur grun um, að hinn ákærði hafi

verið valdur að þessu verki, er einkum, að götin voru í bæði skiptin boruð á skipið í framrúminu, þar sem hinn ákærði svaf og eldaði, að hann, sem eldaði, hafi átt hægast með að gjöra járníð, sem götin í fyrra skiptið voru stungin með, glóandi, og í þriðja lagi, að nafarinn, sem notaður var til að bora með götin í síðara skiptið, fannst í rúmi hins ákærða.

Yfirdómurinn álitur, að þau atvik, sem nú voru greind, ekki fremur gefi grun um, að hinn ákærði sje verksins valdur heldur en einhver annar, því það er hvorttveggja, að hinn ákærði var ekki ávallt í framrúminu, að ofn var á stundum kyntur í káetunni, og að engar líkur eru til, að hann hafi sjálfur falið nafarinn í rúmi sínu; honum hefði verið innan handar, hefði hann viljað koma af sjer nafarnum, að varpa honum útbyrðis, og ber því, eins og gjört hefur verið í hjerði, að dæma hann sýknan af ákæru sóknarans í málinu, en málskostnaður allur, þar með talin málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, virðist eiga að greiðast af almannafje.

Rekstur malsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jens Peder Jörgensen á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmann-

anna Páls Melsteðs og Franz Siemens, 10 kr.
til hvors þeirra, greiðist af almannaþje.

Nr. 24/1884

Stefán sýslumaður Bjarnarson
gegn
O. P. Ottesen dannebrogsmanni.

D ó m u r:

Mál þetta er risið útaf ágreiningi um eignarrjett að landskíka nokkrum vestan undir Akrafjalli, sem nefndur er Slaga, og telur áfrýjandinn, Stefán sýslumaður Bjarnarson, sig eiganda að allri Slögunni, er hann hafi keypt hana með jörðinni Ósi í Skilmanna-hreppi, en hinn stefndi, Pjetur dannebrogsmáður Ottesen, gjörir tilkall til að eiga $\frac{1}{3}$ part Slögunnar, því hann hafi keypt hann af eiganda Kjaransstað-anna, en sú jörð hafi ávallt átt þriðjung úr Slögunni. — Mál þetta er þannig eignarþrætumál, og hefði því samkvæmt N. L. 1—7—1 átt að dæmast af hjerads-dómaranum með tilkvöddum meðdómsmönnum, en með því að hjeradsdómari hefur lagt dóm á málið án þess að kveðja til meðdómsmenn, þá ber ex officio að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerknan, og fellur máls-kostnaður fyrir yfirdóminum eptir þessum úrslitum niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á ómerk-
ur að vera. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli
niður.